



Hjallastefnan

Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Leikskólans Sóla felur í sér að fara ætíð eftir meginreglu eitt sem snýr að börnum. Alltaf skal hafa gætur á hverju einasta barni. Hlutverk starfsfólks er að búa hverju barni þau skilyrði að því líði alltaf sem allra best í skólanum, finni til trausts, virðingar, réttlætis og umhyggju í sinn garð. Með fámennum nemendahópum á hvern kennara gefst aukið svigrúm til að fylgja eftir líðan hvers barns og nánari tengsl kennara og barns myndast. Það er skilyrðislaust hlutverk hvers starfsmanns við skólann að setja barn alltaf í forgang í daglegum störfum samkvæmt meginreglu eitt í starfsháttum Hjallastefnunnar.

